Skólasókn



Góð skólasókn

- styður við jákvæða sjálfsmynd í skólanum
- getur verið einn af grundvallarþáttum vellíðunar í skólanum
- getur stutt við farsæld í framtíðarnámi

Samfelld og stöðug viðvera í félagslegu umhverfi getur hjálpað barninu að mynda tengsl við aðra og upplifa öryggi í skólaumhverfinu.

Hver skóladagur er mikilvægur fyrir barnið og námslega stöðu þess. Að missa úr skóla, ítrekaðar seinkomur eða að mæta óreglulega í skólann getur ýtt undir óöryggi hjá barninu þínu og búið til vítahring sem erfitt er að rjúfa.

Þegar barn er fjarverandi getur það dregist aftur úr námi sem erfitt er að vinna upp. Eins missir það af tækifærum til að skapa minningar með skólafélögunum og upplifa sig sem hluta af heild.



Kennurum ber skylda til að fylgjast með skólasókn nemenda sinna og upplýsa foreldra reglulega. Samvinna heimilis og skóla gegnir veigamiklu hlutverki. Það er mikilvægt að foreldrar hafi strax samband við skólann ef barn þeirra sýnir merki um að vilja ekki sækja skóla í stað þess að tilkynna barnið veikt.

Lög um grunnskóla

Í 3. og 19. grein laga um grunnskóla kemur fram að á Íslandi er skólaskylda á grunnskólastigi og bera foreldrar ábyrgð á að barn þeirra sæki skóla og fylgist með námsframvindu þess.

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar

01 Samtal umsjónarkennara og nemanda um mögulegar orsakir ófullnægjandi skólasóknar og leitað leiða til úrbóta. Foreldrar eru upplýstir um stöðu mála.

02 Fundað með nemanda, foreldrum, umsjónarkennara og stjórnanda þar sem í sameiningu er leitað leiða til úrbóta og gert samkomulag sem allir undirrita.

03 Fundað með nemanda, foreldrum, umsjónarkennara og stjórnanda . Mælt með aðkomu skólaþjónustu og boðið upp á samþætta þjónustu á 1. stigi.

04 Fundað með nemanda, foreldrum, umsjónarkennara og stjórnanda. Samþætting á 2. stigi er kynnt og gripið til frekari úrræða eftir því sem við á.

05 Hafi fyrri úrræði ekki borið árangur vísar skólastjóri málinu áfram til barnaverndarþjónustu eftir umfjöllun í nemendaverndarráði.

Góð ráð

Ef barn kvíðir að fara í skólann er mikilvægt að vera í samstarfi við kennara og fá aðstoð til að auðvelda komu í skólann.

Fara yfir skipulag næsta dags eða komandi viku með barninu t.d. ef það er uppbrot í skóla.

Hafa föt og skólagögn tilbúin fyrir barnið kvöldinu áður.

Svefn er ein af grunnþörfum og mikilvægt er að barn fái nægan svefn og regla sé á háttatíma.

Gott er að hafa reglu á skjánotkun og takmarka hana sérstaklega fyrir svefntíma.

Viðbragðsáætlun vegna fjarvista

Þrep 1

Ef nemandi er kominn með 10 stig ræðir umsjónarkennari við nemandann ef hann hefur aldur til og fyllir út áætlun um bætta skólasókn. Í kjölfarið hringir hann heim og upplýsir foreldra/forráðamenn um samtalið við nemandann og gerir áætlun um bætta skólasókn.

Þrep 2

Ef nemandi er kominn með 20 stig og/eða 10 veikinda-/leyfisdaga eru foreldrar boðaðir á fund með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem leitað er leiða til úrbóta og áætlun tvö um bætta skólasókn fyllt út. Skólahjúkrunarfræðingur upplýstur um málið.

Þrep 3

Ef nemandi er kominn með 30 stig og/eða 15 veikinda-/leyfisdaga eru foreldrar ásamt nemanda (ef hann hefur aldur til) boðaðir á annan fund með umsjónarkennara og stjórnanda, leitað lausna og áætlun þrjú um bætta skólasókn fyllt út. Mælt er með aðkomu skólaþjónustu fræðslu- og lýðheilsusviðs (tilvísun send með samþykki foreldra) og boðið upp á samþætta þjónustu á 1. stigi. Ef um veikindadaga er að ræða er skólahjúkrunarfræðingur boðaður á fundinn.

Þrep 4

Ef nemandi er kominn með 40 stig og/eða 20 veikinda-/leyfisdaga er boðað til fundar með foreldrum. Gripið er til úrræða s.s. á vegum heilsugæslu, félagsþjónustu eða annarra þjónustuaðila eftir því sem við á. Samþætting á 2. stigi er kynnt. Áætlun fjögur um bætta skólasókn fyllt út.

Þrep 5

Fari nemandi yfir 60 stig og fyrrgreind úrræði hafa ekki borið árangur er málinu vísað áfram í barnaverndarþjónustu. Unnið áfram þar með málastjóra samþættingar ef verið er að veita samþætta þjónustu.